

## 13. gr.

Öll gjöld til bryggjunnar, sem hér að framan getur, má taka lögtaki.

30

5. apríl

## 14. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á hafnarbryggjunni fer eftir almennum lagareglum.

Gjaldskrá þessi staðfestist hérmeð samkvæmt lögum nr. 38, 19. júní 1933 til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. apríl 1935.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Vigfús Einarsson.*

## REGLUR

um útbúnað löggiltra lýsisvinnslustöðva, lýsisverkunarstöðva o. fl.

31

6. apríl

## 1. gr.

Meðalalýsi má aðeins framleiða í stöðvum löggiltum af atvinnumálaráðuneytinu að fengnum tillögum yfirlýsismatsmanns.

## 2. gr.

Yfirlýsismatsmanni eða þeim, sem hann í hvert einstakt sinn gefur umboð til þess, skal heimill aðgangur að stöðvum þeim, sem nefndar eru í 1. gr. Er eigendum slíkra stöðva skylt að gefa yfirlýsismatsmanni eða þeim, sem vinnur í umboði hans, þær upplýsingar, sem óskað er eftir og ætla má að þýðingu kynnu að hafa fyrir lýsismatið.

## 3. gr.

Meðalalýsi má aðeins framleiða úr þorska-, ýsu- eða ufsalifur. Skal taka lifrina til bræðslu eins fljótt og unnt er og áður en hægt er að telja hana vera farna nokkuð að skemmast. Lifrin skal losuð við gallið áður en hún er brædd og skemmdar lifrar skulu teknar úr. Óhreinindi verður að skola af lifrinni með sjó eða vatni.

## 4. gr.

Við bræðslu lifrarinnar skal helzt nota hina venjulegu gufubræðsluaðferð (bein gufubræðsla) eða í hennar stað aðra aðferð, sem yfirlýsismatsmaður samþykkir. Gufa sú, sem notuð er til bræðslunnar, hafi ekki minni þrýsting en

**31** ca. 4 kg/cm<sup>2</sup> (57 lbs/ferþuml.). Bræðslu skal jafnan vera lokið á 15–20 mín., 6. apríl þegar um venjulega gufubræðslu er að ræða.

## 5. gr.

Bræðsluker mega vera úr tré, járn eða öðru efni, sem yfirlýsismatsmaður telur nothæft. Þau skulu vera þannig úr garði gerð, að lifrin geti hitnað sem jafnast, svo að bræðslan taki sem skemmstan tíma (sbr. 4. gr.).

## 6. gr.

Þegar bræðslu er lokið og sezt hefir til í bræðslukerinu skal lýsið fleytt ofan af og því rennt í gegnum hentuga síu í kæliker, þar sem það standi að minnsta kosti í 1½ sólarhring, svo að vatn og óhreinindi setjist til botns jafnframt því sem lýsið kólnar. Kælikerin skulu vera þannig sett eða útbúin, að lýsið storkni ekki í þeim, áður en vatn og óhreinindi hafa fengið tíma til þess að setjast til botns. Heitu, nýbræddu lýsi má ekki blanda saman við annað lýsi, sem farið er að kólna nokkuð að ráði í kælikerunum, en þegar svo stendur á, að bæta verður við lýsi í kælikerin, skal ávallt áður hreinsa vatn og sora undan lýsinu í kælikerunum.

Veidiskip, sem hafa bræðslustöð um borð, eru undanþegin því ákvæði, að lýsið standi í 1½ sólarhring í kælikeri, áður en það er tappað á föt, enda sé það lýsi þá tekið til meðferðar í lýsishreinsunarstöð, áður en til útflutnings kemur.

Á lýsifötum sé haft sem minnst borð, en þó nokkuð, svo að rúm sé til útpennslu, ef því er að skipta.

## 7. gr.

Ílát þau, sem lýsi er geymt í skemmri eða lengri tíma, verða að vera vel hrein, þegar lýsið er látið í þau. Á lýsisgeymum þarf að vera botnhani, svo að hægt sé að hreinsa vatn og sora undan lýsinu. Hverskonar ílát, sem lýsi er geymt í, skulu varin fyrir sólarhita og höfð á eins köldum stað og unnt er. Æskilegast er, að föt, sem geyma þarf lýsi á, séu höfð undir þaki heitustu sumarmánuðina.

## 8. gr.

Húsnæði það, sem lýsisbræðsla fer fram í, skal vera þokkalegt og þannig úr garði gert, að auðvelt sé að halda því hreinu, enda sé greiður aðgangur að vatni til hreinsunar. Bræðsluker og önnur ílát ásamt áhöldum, skulu hreinsuð með heitu vatni og sóða eða sápu. Að síðustu skal skola vel með vatni, svo að ekki verði eftir sápa eða sódi í ílátunum. Hreinsun skal fara fram daglega meðan stöðin er í notkun. Nær þetta einnig til íláta þeirra, sem lifur er höfð í, þannig að þau skulu kústuð daglega upp úr sjó eða vatni.

## 9. gr.

Bannað er að hafa um hönd pressun á gömlum grút í húsnæði þar sem meðalalýsisvinnsla fer fram.

## 10. gr.

31

Ákvæði reglugerðar þessarar ná, að því leyti sem við á, einnig til lýsis-  
verkunarstöðva. 6. apríl

## 11. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum frá 50—5000 krónum.  
Fara skal með mál út af brotum þessum sem almenn lögreglumál.

Reglur þessar eru hérmeð settar samkv. lögum nr. 42, 19. júní 1933, um  
vinnslu, verkun og mat meðalalýsis, til þess að öðlast þegar gildi og birtast til  
eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. apríl 1935.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Páll Pálmason.*

## REGLUR

32

## um flokkun meðalalýsis o. fl.

6. apríl

## 1. gr.

Allt meðalalýsi, sem selt er innanlands eða flutt á erlendan markað, skal  
metið af lýsismatsmönnum og greint eftir gæðum í neðangreinda flokka. Flokk-  
unin skal grundvallast á því, hvort um er að ræða hreint og ómengað þorska-  
lýsi, eða þorskalýsi blandað ýsu- eða ufsalýsi, ennfremur á sýruinnihaldi, lit,  
lykt og bragði.

## 2. gr.

Lýsi, sem ekki er átulitað, skal greint í fjóra flokka samkvæmt því, sem  
hér segir:

**I. flokkur:** Ómengað þorskalýsi, framleitt úr nýrri þorskalifur. Það skal  
hafa eðlilegan (ljósgulan) lit og af því má ekki finnast neitt óeðlilegt bragð  
eða lykt.

**II. flokkur:** Ómengað þorskalýsi, sem nálgast 1. fl. lýsi, en þykir af ein-  
hverjum ástæðum, samkvæmt framangreindu, ekki hæft í 1. flokk. Auk þess  
þorskalýsi, sem telja má víst að ekki sé fyllilega ómengað, heldur innihaldi litils-  
háttar af ufsa- eða ýsulýsi, enda þótt það annars gæti talizt 1. flokks vara.

**III. flokkur:** Ómengað þorskalýsi og þorskalýsi blandað ýsu- eða ufsalýsi,  
þegar mjög ber á hinum síðarnefndu lýsistegundum eða öðrum einkennum, sem  
rýra gildi lýsisins. Ennfremur komi í þenna flokk gott ufsalýsi.

**IV. flokkur:** Allt hið lakasta meðalalýsi þeirrar tegundar, sem hér um ræðir.